



# Flensborgarskólinn í Hafnarfirði

## Ársskýrsla 2013





## **Efnisyfirlit**

Inngangur .....	5
Hlutverk Flensborgarskólans .....	5
Skólastarfið á árinu 2013.....	6
Málefni er snerta nám, kennslu og nemendur .....	6
Heilsueflandi framhaldsskóli .....	6
Innritun.....	7
Nemendatölur aðrar .....	9
Kór Flensborgarskólans .....	11
Nemendafélagið.....	11
Námsframboð.....	13
Stjórn skólans .....	14
Starfsmenn og húsnæði .....	15
Stoðkerfið .....	17
Stofnanasamningar .....	17
Dreifnám og upplýsingatækni .....	17
Fjármál og rekstur.....	18
Samstarf við aðra .....	18
Erlent samstarf.....	20
Viðauki við skólasamning .....	20
Lokaorð .....	21



## Inngangur

Vegna skólameistaraskipta á árinu 2012 verður kappkostað að hafa þessa skýrslu knappa enda er undirritaður nokkuð upptekinn af seinni hluta ársins. Skólameistarinn núverandi áskilur sér rétt til þessarar áherslu að sinni, leggur til að spurningum sem ósvarað er um fyrri hluta ársins verði beint til Einars Birgis Steinþórssonar ([eps@kopavogur.is](mailto:eps@kopavogur.is)). Við viljum raunar þakka Einari farsælt samstarf og ódrepanði eljusemi hans.

Að öðru leyti þakkar undirritaður samstarf og leiðsögn liðins árs.

## Hlutverk Flensborgarskólans

Flensborgarskólinn starfar samkvæmt lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla að því marki sem þau hafa tekið gildi en annars samkvæmt lögum nr. 80/1996 um framhaldsskóla.

Hlutverk skólans er að sinna kennslu til stúdentsprófs á þeim bóknámsbrautum áfanga- og fjölbrautakerfis sem skilgreindar eru í skólasamningi. Þar er einnig kveðið á um nokkrar styttri starfsnámsbrautir við skólann, s.s. almenna námsbraut, grunnám upplýsinga- og fjölmiðlagreina og fjölmiðlatækni. Í skólanum er einnig starfrækt fjögurra ára starfsbraut.

Sú ákvörðun var tekin að leggja niður nám í grunnámi upplýsinga- og fjölmiðlagreina og fjölmiðlatækni. Það var gert í samráði við ráðuneytið 15.11.2013. Sú ákvörðun sem að baki lá hefur verið skýrð á borgarafundi, á fundum með bæjaryfirvöldum og í blaðgreinum. Engu að síður var þetta ferli skólanum erfitt og starfsfólki þess. Sú þekking sem í deildinni var er okkur horfin og t.d. getum við ekki lengur séð um útsendingar af ýmsum viðburðum í skólastarfi. Ótrúlega vel hefur þó gengið að fara í gegnum það ferli engu að síður.

Meðfram öllum stúdentsbrautum skólans hefur verið þróað og skipulagt sérstakt íþróttasvið og jafnframt íþróttafrekssvið í samstarfi við íþróttafélög í Hafnarfirði. Einnig gefst nemendum skólans tækifæri á að tengja listnám úr viðurkenndum listaskólum inn á allar stúdentsbrautir á samsvarandi hátt sem listnámssvið.

Flensborgarskólinn átti einnig í samstarfi við Iðnskólann í Hafnarfirði um rekstur framhaldsskólabrautar sem var til húsa að Strandgötu 31 í Hafnarfirði. Hún var lögð niður vorið 2013. Af þeim sökum var reynt að byggja upp úrræði við Flensborgarskólann fyrir þessa nemendur.

Flensborgarskólinn lítur á það sem sitt meginhlutverk að búa nemendur sína sem best undir frekara nám á háskólastigi jafnframt því að veita haldgóða almenna menntun, menntun sem nýtist nemendum í daglegu lífi og starfi, sbr. 2. gr. laga um framhaldsskóla.



Flensborgarskólinn skilgreinir sig sem þjónustu- og menntastofnun sem fyrst og fremst miðar að því að bjóða hafnfirskum ungmennum trausta menntun á þeim sviðum sem skólinn starfar. Þjónustusvæði skólans markast af grunnskólum Hafnarfjarðar. Nemendur, sem ekki eiga heimili í Hafnarfirði, eru þó einnig boðnir velkomnir í skólann

### **Skólastarfið á árinu 2013**

Skólastarfið á vorönn 2013 fór fram með hefðbundnu sniði og innan ramma laga og reglugerða um dagafjölda. Við útskrift 25.5.2013 luku 70 nemendur lokaprófi frá Flensburg, fjórir af fjölmiðlabraut, fjórir af starfsbraut og 62 af stúdentsbrautum. Karlar voru fleiri en konur eða 37 á móti 33. Tólf nýstúdentanna útskrifuðust eftir þriggja ára nám. Bæði dúx og semidúx luku eftir þriggja ára nám. Sú staða kom upp í miðjum prófum að Kirstján Bersi Ólafsson, fyrrverandi skólameistari, lést. Verður hans lengi minnst fyrir framlag hans til skólamála.

Haustönn var var einnig innan fyrrgreindra ramma. Þá voru útskrifaðir 58 nemendur. Tæpur helmingur nemendanna lauk námi á þremur og hálfu ári, þar af einn á þremur. Alls voru níu úr þessum hópi með nógu háar einkunnir til að geta barist um sæti sem dúx á flestum árum. Tveir gnæfðu þó yfir. Jónas Grétar Jónasson hjó nærri skólametinu sem var 9,71, en Snorri Rafn Theodórsson er með hæstu meðaleinkunn á stúdentsprófi sem reiknuð hefur verið í skólanum og telst Dux Scholae á þessari útskrift með einkunnina 9,77.

Á árinu 2013 útskrifaði skólinn alls 128 nemendur, sem er mun minni hópur en umliðin ár. Vakinn er athygli á námshraða þessa hóps en almennar úttektir sýna að t.d. stúdentar frá Flensburg ljúka almennt, að meðaltali á 8,3 önnum, - ef taldar eru virkar annir þeirra.

Um fjölmargt er lýtur að daglegu starfi, skipulagi og rekstri vísast í fyrri ársskýrslur og heimasíðu skólans.

### **Málefni er snerta nám, kennslu og nemendur**

#### **Heilsueflandi framhaldsskóli**

Flensborgarskólinn tók að sér að vera tilraunaskóli í verkefni Lýðheilsustöðvar ( síðar Embætti landlæknis) um heilsueflandi framhaldsskóla. Undirbúningsvinna var mikil á skólaárinu 2009 – 2010 en verkefnið hófst síðan formlega 1. október 2010. Verkefnið *Heilsueflandi framhaldsskóli* er víðtækt forvarnaverkefni (sjá fylgiskjal 1) sem nær yfir fjögur ár í senn og er eitt málefni í forgrunni á hverju ári. Fyrsta árið var það næring, annað árið hreyfing, síðan geðrækt og loks lífsstíll. Verkefnið hefur verið unnið af mikilli elju starfsmanna skólans og höfum við notið samstarfs við starfsmenn Embættis landlæknis en fundið minna fyrir skilningi mennta- og menningarmálaráðuneytis, þrátt fyrir aðkomu þess

að HOFF samstarfinu og fleiru. Aftur er kallað eftir vottun á framlagi Flensborgarskólans og viðurkenningu af hálfu ráðuneytisins, auk velferðarráðuneytisins.

Áherslan 2013 hefur verið á geðrækt og lífsstíl. Þar hefur áherslan verið á núvitund (Mindfulness) og eru ítrekuð boð okkar til ráðuneytisins um að fá að kynna starfsmönnum þess þetta verkefni af alvöru, helst hér í skólanum. Verkefnið um heilsueflandi framhaldsskóla er í okkar huga ekki átak, hagsmunastefna eða trúarbrögð heldur vinnulag sem nær til alls skólastarfsins, starfsfólks, nemenda, foreldra og nærsamfélags.

### Innritun

Innritun Flensburg vor 2013	1. val	2. val	3. val eða ofar	Alls
Nýnemar umsóknir				0
Undir 18 umsóknir	7	2		9
Eldri umsóknir	56	42		98
Umsóknir alls	63	44	0	107
Nýnemar samþykkt				0
Yngri en 18 samþykkt	4	2		6
Eldri en 18 samþykkt	47	10		57
Samþykkt alls	51	12	0	63
Nýnemum vísað annað eða samþykktir annarsstaðar			0	0
Yngri en 18 vísað annað eða samþykktir annarsstaðar	3	0	0	3
Eldri en 18 vísað annað eða samþykktir annarsstaðar	9	32	0	41
Vísað annað eða samþykktir annarsstaðar	12	32	0	44

Taflan sýnir innritunartölur vegna vorannar 2013. Innritun fór fram í nóvember 2012.

Innritun Flensburg haust 2013	1. val	2. val	3. val eða ofar	Alls
Nýnemar umsóknir	153	157	9	319
Undir 18 umsóknir	46	10		56
Eldri umsóknir	71	66		137
Umsóknir alls	270	233	9	512
Nýnemar samþykkt	153	31	3	187
Yngri en 18 samþykkt	44	2		46
Eldri en 18 samþykkt	51	9		60
Samþykkt alls	248	42	3	293
Nýnemum vísað annað eða samþykktir annarsstaðar	0	126	6	132
Yngri en 18 vísað annað eða samþykktir annarsstaðar	2	8	0	10
Eldri en 18 vísað annað eða samþykktir annarsstaðar	20	57	0	77
Vísað annað eða samþykktir annars staðar	22	191	6	219

Taflan sýnir innritun vegna haustannar 2013. Innritun fór fram eftir reglum ráðuneytisins í tvennu lagi.

Út frá þessu ferli skal tvennt dregið fram sérstaklega. Annað varðar forinnritun nýnema. Það er mat núverandi skólameistara að vel mætti ljúka innritun í Flensburg á grundvelli hennar. Það myndi tryggja að undirmannað stjórnkerfi skólans gæti fengið eðlilegan ramma sumarleyfa. Það álag og sú keyrsla sem á sér stað vegna útskriftar og innritunar að vori (og að hausti líka) er ekki góð og stuðlar að útbrennslu starfsmanna. Þetta þarf að skoða.

Hitt er að það er stór hópur nemenda á vandræðalegu flakki um skólakerfið sem rannsaka þarf. Þessir nemendur fara milli skóla með næsta litla viðbót í námi, innrita sig, skila sér sum, greiða skólagjöld allmörg, fá stundatöflur og allt sem við á. Þegar að annarbyrjun líður skila þeir sér ekki til náms, sem er bagalegt þegar um stóran hóp er að ræða sem getur ruglað hópastærðir. Þeir þess hóps sem þó skila sér í nám eru vísir með að vera með slaka skólasókn eftir fyrsta mánuðinn og hverfa svo hvert sem framlag skólans til þeirra er. Þennan hóp verður að rannsaka

Nokkuð er um að inn séu teknir nemendur sem hafa tekið sér hvíld frá námi hjá okkur, eða annars staðar, sumir tilneyddir en aðrir að eigin ósk. Um helmingur þeirra sem í þessari stöðu eru skila sér til náms. Enn er verið að leita að greinanlegum þætti til að lesa þennan hóp í sundur.



### Nemendatölur aðrar

Þorri nemenda er undir 18 ára aldri og er það almenn stefna skólans að vísa nemendum á þrítugsaldri sem vilja dagskólanám í aðra skóla s.s. IH, MK, FÁ, FB o.s.frv. Tilkoma fjarnáms á haustönn 2013 breytti að vísu hér nokkru um hvað þann hóp varðar.

Braut	Vor 2013 heildir	Haust 2013 heildir
AN	20	56
FÉ	262	295
FJÖ	38	35
MB	46	52
NÁ	210	234
ST	23	29
VH	171	0
VSS	11	0
ÍAS	147	169
ÍP	10	20

Í töflunni má sjá samanteknar fjöldatölur eftir námsbrautum.

Heiti	Vor 2013	Haust 2013
Almenn námsbraut	20	56
Félagsfræðabraut	194	215
Félagsfræðabraut_ípróttaafrekssvið	62	72
Félagsfræðabraut_ípróttasvið	6	8
Upplýsinga- og fjölmiðlabraut	14	9
Grunnnám upplýsinga- og fjölmiðlagreina	24	26
Málabraut	45	46
Málabraut_ípróttaafrekssvið	1	2
Málabraut_ípróttasvið	0	4
Náttúrufræðibraut	143	156
Náttúrufræðibraut_ípróttaafrekssvið	65	73
Náttúrufræðibraut_ípróttasvið	2	5
Starfsbraut 1 og 2	23	29
Viðskipta- og hagfræðibraut	58	64
Viðsk.- og hagfr._ípróttaafrekssvið	20	24
Viðskipta- og hagfræðibraut-ípróttasvið	2	3
Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum	0	1
Viðbótarnám til stúdentsprófs	5	5
Alls	684	798

Í þessari töflu er heldur meiri sundurliðun. Betra væri að skoða þessar tölur eftir skólaárum en þá kemur í ljós að vorönn er um 90% af fjölda haustannar. Þetta segir þó ekki alla söguna. Í lok vorannar skráðust 166 nemendur sem hættir, 84 karlar og 82 konur. Í lok haustannar voru þetta 91 eða 54 karlar og 37 konur. Raunar skal tekið fram að báðar annir voru karlar um 52% nemenda alls en konur 48%. Þetta kynjahlutfall er almennt talið skýrast af íþróttafrekssviði. Vakin er athygli á fjölgun á starfsbraut. Þess hefur verið óskað að ekki verði þrýst á að hún verði aukin frekar á komandi haustönn enda gæti slíkt sett alvarlegt strik í þær sparnaðaráætlanir sem unnið er að og sett þær alvarlega úr skorðum.

Staða	Vor 2013	Haust 2013
Endurinnritaður	28	63
Innritaður	56	31
Í námi	326	443
Nýnemi	171	199
Skiptinemi	2	3
Útskrifast á næstu önn	30	8
Útskriftarefni	72	55

Taflan sýnir hvernig nemendur skiptast eftir námstöðu. Innritaðir eru nemendur sem teknir voru inn áramótin 2013 og sést að af 56 er 31 eftir. Endurinnritaðir voru teknir inn haustið 2012 (28 eftir á vorönn 2013). Þeir sem þá voru eftir voru skráðir í námi. 63 slíkir skiluðu sér á skrá haustið 2013 en ekki var tekið saman hve margir þeirra komu aldrei.

Árgangar	Vor 2013	Haust 2013
1983	1	0
1985	1	0
1987	2	1
1988	3	2
1989	5	2
1990	8	5
1991	20	10
1992	36	23
1993	70	40
1994	160	151
1995	193	190
1996	185	177
1997	17	195
1998	0	3

Taflan sýnir skiptingu nemenda eftir árgöngum. Af henni má ráða að 55-65% nemenda séu undir 18 ára aldri á hverjum tíma. 5-10% eru yfir tvítugu.



Um 90% nýnema eru búsettir í Hafnarfirði og koma úr hafnfirskum grunnskólum. Um 80-85% nemenda eru búsettir í Hafnarfirði almennt. Skólinn er oft sagður fyrsti héraðsskólinn utan Reykjavíkur. Fyrir vikið eru bönd okkar sterk við samfélagið.

Nýtingarhlutfall er hátt – reynt hefur verið að ná um 100% hlutfalli. Vegna lítilla námshópa í greinum þar sem ekki var vilji til að gera breytingar á skipulagi, s.s. EÐL, FRA, MYN, MAT og fjölmiðlagreinum þá þýddi þetta að víða voru um og yfir 30 nemendur í hópum. Gat það gengið jafnt yfir allar greinar, nema helst verklega tíma raungreina og tölvur þar sem ekki komst nema takmarkaður hópur fyrir. Á haustönn var ákveðið að fara aðra leið í þessum efnum og reynt að minnka hægferðarhópa.

Skólasókn unglínganna hefur þótt frekar slæm á köflum og mikil vinna lögð í það starf. Við skólann starfar mætingastjóri í hálfu starfi. Honum til liðsinnis er hópur sem er skipaður námsráðgjöfum og aðstoðarskólameistara. Þessi hópur vakir yfir nemendum og er fljótur að grípa inn í vandamálin. Ætla má að vinna þessa hóps skili skólanum mjög miklu. Í fyrsta lagi eru upplýsingar um skólasókn og brotalamir hennar vel kynntar og rannsakaðar. Í öðru lagi er gripið mun fyrr inn í vandamál en áður og í þriðja lagi er hægt að færa hafrana frá sauðunum fyrr, - þ.e. afskrifa þá sem eru ekki til staðar og vinna með þá sem þurfa aðstoð.

Gott samstarf er við samtök sem sjá um skiptinema (AFS/ROTARY) og hefur skólanum borist hrós fyrir þjónustu við þennan hóp nemenda. Skólinn hefur útbúið rafrænt eyðublað fyrir AFS þannig að skólar geti á einfaldan hátt útbúið námsferla fyrir nemendur.

### **Kór Flensborgarskólans**

Starf Kórs Flensborgarskólans var með miklum blóma. Í kórnum eru um 90 manns á hverjum tíma. Nú er komin námskrá fyrir kórsöng, samin af Þorbirni Rúnarssyni áfangastjóra. Þar með hækkar mat á kórsöng í þrjár einingar, sem vonandi telur í krónum. Skólinn leggur áherslu á að fá vinnu nemenda í kórnum metna til þriggja eininga á önn þar sem það nám og sú vinna, sem nemendur færa fram í kórnum, stendur sannanlega undir slíku mati.

Annað fjármagn en laun leggur skólinn ekki til kórsins nema gegn vinnu stöku sinnum. Á móti koma tekjur af miðasölu sem renna beint til kórsins. Að auki starfrækir kórstjóri svokallaðan eldri kór sem er án fjárveitinga frá skólanum. Allt fjármagn sem þarf til efniskaupa (tónverk, kórbúningar, auglýsingar, prentun o.fl.), ferða, æfingabúða, kóramóta, keppna eða annars kemur með fjáröflunum.

### **Nemendafélagið**

Starfsemi NFF er í föstum skorðum en á árinu 2013 var starf þess að venju öflugt. Nemendur hafa unnið vel með skólanum við þróun verkefnisins *Heilsueflandi framhaldsskóli*. Vaxandi



vilji er meðal forsvarsmanna nemenda til að vinna að forvarnarmálum í víðum skilningi þó áherslur stjórnenda skólans og stjórnar NFF fari ekki alltaf saman.

Helstu þættir starfsemi NFF eru söngkeppni, dansleikir, vakningardagar, árshátíð en að auki hafa verið haldnar vímulausar skemmtanir af öðrum toga, s.s. sundlaugapartí, trúbadorakeppni, „lazertag“ o.fl.

Hefðbundin busavígsla var lögð af haustið 2012. Haustið 2013 var m.a. farið með nýnema í dagsferð og boðin skemmtidagskrá sem hafði það markmið að bjóða nýja nemendur skólans velkomna á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Engin alvarleg krafa hefur komið fram um að taka upp á ný busavígslur og verður hætt að nota það hugtak hér með.

Fjármál NFF eru sett undir árvökult auga og eftirlit fjármálastjóra. Miðað við umsetningu hér má ímynda sér að velta nemendafélaga og þeirra sem nýta sér viðburði á þeirra vegum sé verulega stór þáttur í hagkerfi nærsamfélaga skólanna.

Keppnislið NFF hafa staðið sig vel. Þau hafa orðið framhaldsskólameistarar ítrekað í knattspyrnu og haustið 2013 endurreistu nemendur Bersamótið sem er framhaldsskólámót í handknattleik. Keppni fór fram í janúar 2014. NFF varð í öðru sæti í Morfís. Félagið stóð fyrir frábærri skemmtan á Flensborgardaginn og á Vakningardögum og tekur virkan þátt í umræðu um skólastarf gegnum Hlýtt á nemendur, í skólaráði o.fl. Haustið 2013 bauðst forystu NFF að vera með í LTP103 – leiðtogaþjálfun sem var verkefni innan HEF verkefnisins. Það þykir hafa tekist mjög vel. Hópur nemenda tók sig til og skráði sig til þátttöku í Boxinu 2013 og stóð sig vel.

Starf NFF er að stærstum hluta skipulag viðburða, dansleikja o.s.frv. Umsetning þess er mikil og fyrrgreindur LTP áfangi hluti þess að efla ábyrgð forystunnar. En félagsstarfið er að mörgu leyti áttakpunktur þar sem mörgum finnst ofmetið það sem nemendur leggja fram, utan kennslubókarinnar. Verulegur áhugi er á því hjá núverandi skólameistara að finna leið til að formgera Vakningardaga sem hluta náms enda er sú vinna sem þar býr að baki gríðarleg. Katrín Jakobsdóttir, þáverandi ráðherra mennta- og menningarmála, kom í heimsókn á Vakningardögum 2013 og fékk að sjá hvernig skólinn breyttist í ævintýraheim út frá óstöðvandi sköpunargleði nemenda. Mánudaginn 17/2/2014 verður hulunni svipt af ævintýraheimi Vakningardaga. Það væri ferðarinnar virði fyrir embættismenn ráðuneytisins að sjá hvernig skóli sem er „eingöngu“ bóknámsskóli býr til vettvang fyrir sköpunargleði nemenda, þjálfar hóp til verka og samvinnu (100 manns taka þátt í verkefninu), sýnir þeim traust, felur þeim ábyrgð og gerir þau að hluthöfum í að kynna skólann. Metnaður þeirra, skuldbinding við skólann sinn og vinnugleði eru ótrúleg. Og því miður allt of oft vanmetin.

Mikið kapp hefur verið lagt á það undanfarin ár að efla vitund nemenda um samfélagslega ábyrgð. Þetta er gert með samstarfi við Rauða krossinn, kallað sjálfboðið starf (SJÁ) en þar

vinna nemendur að tilteknum sjálfboðaliðaverkefnum undir stjórn starfsmanna RKÍ hér í bænum. Að auki býðst nemendum að taka þátt í verkefnum á vegum Mentor og hafa gert í um áratug. Nemendur vinna sem stuðningsaðilar á starfsbraut og aðstoða nemendur þar, sérstaklega í tengslum við að blandast í hópinn. Stór hópur nemenda starfar samhliða skóla eða að námi loknu í félagsmiðstöðvum bæjarins, við þjálfun o.s.frv. Þá gerist það í vaxandi mæli að nemendur leggi góðum málefnum lið. Útskriftarefni hafa styrkt góð málefni utan skólans, NFF einnig á Vakningardögum auk þess sem skólinn stendur að Flensborgarhlaupinu en afrakstur þess hefur runnið til málefna tengdum ungu fólki. Allt er þetta liður í að efla vitund nemenda um samfélagsskyldu sína, það að þau geti haft áhrif og eigi að leggja öðrum lið.

### **Námsframboð**

Námsframboð skólans var óbreytt frá fyrri árum og lögð áhersla á að styrkja það námsframboð sem skólinn byggir á og mótar sérstöðu hans.

Í skólanum eru eftirfarandi stúdentsbrautir: félagsfræðabraut, málabraut, náttúrufræðibraut og viðskipta- og hagfræðibraut. Á öllum stúdentsbrautum skólans hefur verið þróað íþróttaafrekssvið og íþrótta svið sem nemendur geta valið innan stúdentsbrautanna. Nemendur, sem stunda listnám í viðurkenndum listaskólum, geta einnig á samsvarandi hátt tengt það nám stúdentsbrautum skólans. Auk áður nefndra brauta rak skólinn grunnnám upplýsinga- og fjölmiðlagreina og sérsvið fjölmiðlunar í framhaldi af því námi. Jafnframt geta þeir nemendur, sem luku fjölmiðlatækninámi, lokið skilgreindu námi til stúdentspróf með viðbótarnámi. Þá rekur skólinn starfsbraut sem er fjögurra ára nám. Innan skólans er einnig skilgreind almenn námsbraut sem er ætluð þeim nemendum sem ekki uppfylla öll skilyrði til innritunar á aðrar brautir skólans.

Skólinn hefur í nokkur ár átt í samstarfi við Iðnskólann í Hafnarfirði, Hafnarfjarðarbæ og mennta- og menningarmálaráðuneytið um rekstur fjölgreinabrautar sem var til húsa í Menntasetrinu við Lækinn í Hafnarfirði. Þar hafa að jafnaði verið 16 – 24 nemendur á hverju misseri. Skólaárið 2012-13 unnu Iðnskólinn og Flensborgarskólinn saman að því að þróa nýja framhaldsskólabraut á grunni fjölgreinabrautarinnar. Hún var lögð af vorið 2013.

Fjölmiðladeild hefur einnig verið lögð niður.

Vinna við námskrá hefur staðið lengi en erfitt hefur verið að sækja fram á þeim sviðum sem við viljum vegna óljósrar stefnu ráðuneytisins og hefur umræðan og biðin eftir Hvítbókinni haft mikið að segja.

Sjá umræðu um viðauka við skólasamning.

Hins vegar er þróunarstarf blómlegt og margt um að vera. Hópur kennara hefur unnið að þróun speglunarkennslu, mikið er um vinnslu námsgagna og hefur t.d. verið lögð upp áfangakeðja í stærðfræði auk námsbóka. Heill námspakki var unninn í íslensku, mikið verið unnið af myndböndum í raungreinum, sérlega eðlisfræði og verið er í vaxandi mæli að útbúa leiðbeiningar um sitthvað í starfi skólans á myndböndum. Þá eru tungumálakennarar margir afar frjóir og má svo lengi telja. Segja má að mjög margt hafi verið þróað þrátt fyrir neikvæða skólamálaumræðu, erfiða stöðu í samningum og óljósa námskrárstefnu. Fjölmargin er tilbúið og bíður afgreiðslu þegar og ef afstaða ráðuneytisins skýrist. Meðal þess sem verið er að íhuga er að draga skarpari skil milli brauta. Einnig að námsbrautir á 2. þrepi fái að þróast á forsendum þess sem áður var kallaður kjarni. Þá liggur fyrir tillaga að opinni braut. Nú er beðið ákvarðanna um umfang stúdentsbrauta.

Þá er margt unnið undir hatti HEF, kórsins og íþróttafrekssviðsins. Þar er kannski einna merkilegust vinna í Núvitund sem verður stór kafli í næstu skýrslu.

Mikilvægt er að halda í langar keðjur í tungumálum og raungreinum en fjárhagur skólans þrengir möguleika okkar til þess. Þá er verið að vinna þrepskiptar námsbrautir sem bjóða fleiri útgönguleiðir en nú eru í boði.

Samstarf við Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar hefur legið niðri en von er til að það geti hafist á ný árið 2014.

Kjarni skólastarfs er kennslan og námið sem fylgir í kjölfar hennar. Þrátt fyrir að margt megi finna að í ramma skólastarfs, skipulagi þess og kjarasamningum kennara (ekki síst launum), þrátt fyrir erfiðleika í fjármálum skólans, erfiðleika í tölvumálum og fleira þá er skólinn í góðu húsnæði, með metnaðarfulla stjórnendur og starfsmenn, öflugum nemendum og sterkt bakland. Þannig að hér er margt að gerast þrátt fyrir allt. Slíkur er mannauður skólans.

## **Stjórn skólans**

Yfirstjórn skólans fundar a.m.k. tvisvar í viku.

### **Yfirstjórn skólans skipa:**

Magnús Þorkelsson skólameistari – leysir Einar Birgi Steinþórsson af

Hrefna Geirsdóttir aðstoðarskólameistari – ráðin til árs með framhaldsráðningu í huga

Þorbjörn Rúnarsson áfangastjóri – ráðinn til árs með framhaldsráðningu í huga

Bryndís Jóna Jónsdóttir mannauðsstjóri

Eygló Hjaltadóttir fjármálastjóri

Skólanefnd Flensborgarskólans fundar að jafnaði einu sinni í mánuði tíu mánuði ársins.

**Núverandi skólanefnd skipa:**

Albert Már Steingrímsson formaður

Ingvar Viktorsson

Jónatan Garðarsson

Pétur Óskarsson

Ragnheiður Gestsdóttir

Áheyrnarfulltrúar voru:

Stefán Örn Valdimarsson kennari

Páll Ólafsson formaður foreldraráðs

Arnar Snær Benediktsson oddviti NFF á vorönn en Katrín Ósk Ásgeirsdóttir á haustönn

Aðstoðarskólameistari er ritari skólanefndar

Skólanefnd skipar stjórn Fræðslusjóðs Jóns Þórarinssonar en hún er sjálfstæð eining. Nemendur sem lokið hafa lokaprófi frá Flensburg mega sækja í hann um styrki vegna framhaldsnáms. Umsóknir í sjóðinn gefa skólanefnd tækifæri til að fylgjast með hluta þeirra sem frá skólanum útskrifast.

Skólaráð, sem er skólameistara til samráðs við stjórnun skólans, fundar reglulega einu sinni í viku á starfstíma skólans. Í skólaráði sitja: skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, tveir fulltrúar kennara, oddviti NFF og formaður hagsmunaráðs NFF.

Yfirstjórn skólans fundar með sviðsstjórum skólans í hverri viku. Á sviðsstjórafundum eiga sæti: skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, mannauðsstjóri, sviðsstjóri starfsbrautar, sviðsstjóri félagssviðs, sviðsstjóri málsviðs, sviðsstjóri raungreinasviðs og annar námsráðgjafa skólans.

Fleiri teymi starfa í skólanum en algengt er að slíkt vinnulag sé viðhaft. Þannig eru hópar um fjarvistamál, jafnréttismál o.s.frv.

**Starfsmenn og húsnæði**

Ekki verður gerð hér tæmandi úttekt á kennsluháttum og námsmati. Ef skoðaðar eru kennsluáætlanir á vef skólans má sjá að þar er mikil og margbreytileg flóra í gangi á þessum blómlega vettvangi. Við myndum fagna því að fá að funda með fulltrúum ráðuneytisins um þau mál.

Ekki hafa orðið neinar breytingar á húsnæði skólans og starfsmannavelta er lítil. Vel hefur gengið að ráða fólk til starfa og eru allir sem til okkar koma sáttir við vinnustaðinn. Bókasafn var rekið með hefðbundnum hætti, hér er dagræsting á vegum skólans auk mötuneytis sem skólinn rekur. Verið er að skoða vinnutíma og rekstur ræstingar og mötuneytis.

Á árinu gerðist það að boðaður var mikill niðurskurður. Fjórum starfsmönnum var sagt upp og fjölmiðladeildin lögð niður. Þetta var erfitt verkefni en við unnum það af kostgæfni, undir styrkri leiðsögn starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. KÍ hefur fylgt málinu fast eftir og hafa verið mikil bréfaskrif og fundarhöld vegna þessa. Slíkt er væntanlega óhjákvæmilegur fylgifiskur svona leiðinda.

Störf og fjöldi starfa m.t.t. kynja				
<i>Starf</i>	<i>fjöldi</i>	<i>stöður</i>	<i>kk</i>	<i>kvk</i>
Yfirstjórn	5	5	2	3
Kennarar	61	57	17	44
Stundakennarar*	2	0.75	1	1
Leiðbeinendur	0	0	0	0
Náms- og starfráðgjafar	2	2		2
Bókasafnsfræðingur	1	1		1
Starfsmaður á bókasafni	1			1
Skrifstofa	2	2		2
Tölvuumsjón	1	0.5	1	
Stuðningsfulltrúar	3	3	1	2
Þjónustuliðar	5	5		5
Mötuneyti	5			5
Umsjón fasteigna	1	1	1	
	89		23	66

\*Kennsla á ípróttaafrekssviði er að hluta á könnu ípróttafélaga sem við erum í samstarfi við. Þjálfarar þeirra eru ekki taldir með þó svo þeir séu á launaskrá af tæknilegum ástæðum og þar með margir þeirra félagar í KÍ. Þeim ber að uppfylla kröfur um þjálfaramenntun.

Starfsaldur kennara					
	<3 ár	3-5 ár	6-10 ár	11-15 ár	>15 ár
Fjöldi	8	9	19	10	15

Menntun kennara	
<i>prófgráða</i>	<i>fjöldi</i>
BA/BS-próf með kennsluréttindi	32
MA/MS/M.Ed.- próf með kennsluréttindi	17
Doktorspróf með kennsluréttindi	1
Önnur menntun með kennsluréttindi	11

Allir kennarar, að einum undanskildum, eru með menntun í sínu fagi. Allir eru með kennsluréttindi.



### **Stoðkerfið**

Stoðkerfi skólans samanstendur af tveimur námsráðgjöfum, sérkennsluráðgjafa og mætingastjóra. Þessir aðilar sinna mörgum ólíkum verkefnum sem öll hafa sameiginlegt markmið; að veita fjölbreyttum nemendahópi skólans þann stuðning sem til þarf til þess að geta stundað nám við hann.

### **Stofnanasamningar**

Í gildi eru stofnanasamningar við starfsmenn KÍ og SFR. Samstarfsnefnd KÍ samdi um nokkrar breytingar en einnig eru nokkur mál í vinnslu, en hanga á fjármálum skólans. Jafnframt hefur samstarfsnefndin unnið að því að breyta umsjónarkennslu og fleiru. Samstarfið við fulltrúa KÍ og trúnaðarmenn þess er traust sem er afar mikilvægt nú þegar líður að ögurstundu í kjaramálum. Samstarfið við SFR er það einnig en vissulega ekki í sama farvegi átaka.

### **Dreifnám og upplýsingatækni**

Haustið 2013 var sett af stað fjarnám við Flensborgarskólann. 50 nemendur sóttu námið á haustönn. Námið er í þróun og verður það áfram á vorönn 2014. Hugmyndin er að reyna að leysa betur vanda nemenda sem eru komnir í efstu áfanga í keðjum. Þessir áfangar eru afar sjaldan kenndir en með þessu móti verður keðjan samfelld.

Flensborgarskólinn er tengdur FS-netinu og notar INNU. Skólinn notar Námsnetið (My School) sem kennslukerfi en Flensborgarskólinn var einn af fyrstu framhaldsskólunum til að taka það í notkun og kom að þróun þess. Innri vefurinn, sem kallast Flensan, gengur allvel en ljóst má vera að það að nota mörg gagnasvæði (heimasvæði, póstsavæði, Námsnet, Innu, Flensu) er íþyngjandi. Auk þeirra eru gegnir.is, namskra.is og fleiri samninga sem skólinn er skyldugur að gera. Kostnaður vegna þeirra er mikill. Mikið er af sérhæfðum búnaði á starfsbraut og í verklegum raungreinastofum svo nokkuð sé nefnt. Þá heldur skólinn úti upplýsingavef ([www.flensburg.is](http://www.flensburg.is)) og facebook vef. Allar kennslustofur skólans eru búnar tölvu og skjávarpa. Í skólanum eru þrjár kennslustofur með 18 – 28 tölum hver auk tölvutorgs fyrir nemendur þar sem eru 16 vélar. Stór hluti tölvubúnaðar er orðinn gamall og þarfnast endurnýjunar.

Allir kennarar skólans hafa vinnustöðvar með tölvuaðgengi í gegnum útstöð við netþjóna skólans. Í skólanum er þráðlaust netkerfi.

Skólinn er áskrifandi að Office-hugbúnaði auk ýmiss sértæks hugbúnaðar, m.a. til kennslu í fjölmiðlun. Verið er að losa um þá samninga sem snerta fjölmiðlun og undirbúa sölu eða förgun á búnaði eftir því sem við á. Skólinn er með starfsmann í hálfu starfi til að sinna tölvumálum á staðnum en er auk þess með þjónustusamning við Tölvustöð. Allt þetta er í endurskoðun og þegar byrjað að t.d. loka vefsvæðum og netföngum nemenda.

Tölvumálin eru í alvarlegu óefni, sem á sér langa sögu. Á árinu 2013 fóru um 12 milljónir í rekstur þess, viðhald og lagfæringar, sem var mun hærri upphæð en hægt var að spá fyrir um. Um helmingur þess er vegna launa og þjónustusamninga en ef hinar sex milljónirnar hefðu farið í endurnýjun, fremur en viðgerðir, væri staðan betri. Orð úr skýrslu frá 2012 eiga enn við en þar stendur m.a.: „Víst er tölvubúnaður til mikilla bóta í öllu starfi skólans en hann er peningalegt svarthol hvað varðar rekstur.“

### **Fjármál og rekstur**

Auðvelt er að endurnýta hluta úr gömlum ársskýrslum þar sem stendur: „Flensborgarskólinn hefur lengi glímt við erfiðleika í rekstri og uppsafnaðan rekstrarvanda. Um fyrri ár vísast í ársskýrslur og greinargerðir með fjárhagsáætlunum undanfarinna ára...“ og „[M]iðað við núverandi stöðu og fjárframlög virðist með öllu óraunhæft að reksturinn geti gengið upp.“

Það var því ljóst að leita varð nýrra leiða til að ná tókum á þessum vanda. Gerð var grein fyrir þeim kostum sem í stöðunni voru í bréfi dags. 15.11.2013. Halli skólans í árslok 2013 var um 100 milljónir. Verið er að vinna í málinu og vonast til að sú vinna geti haldið áfram en til þess þarf stuðning, fjármagn og skilning.

Þá er það líka svolítið erfitt að ganga inn í verkefna sem eru bundnir einstaklingi og jafnvel hvergi til á pappír. Undirritaður hyggst yfirfara ýmsa verkferla, skýra þá og jafnvel einfalda. Þannig þarf að leysa vandamál varðandi bóksölu nemenda og fleira. Lýsandi verkferlar sem ná yfir óskrifaðar reglur eru nauðsynlegir en fyrst og fremst þarf að átta sig á verkefninu og eðli þess.

### **Samstarf við aðra**

Flensborgarskólinn hefur lagt kapp á samstarf við aðila í Hafnarfirði. Núna er verið að vinna, í samstarfi við IH, grunnskóla bæjarins og skólaskrifstofuna, að verkefni sem kallast *Bæjarbrúin* og er til þess fallið að gera nemendum kleift að fara á sínum hraða. Við köllum það sveigjanleika í báðar áttir.

Skólameistari er í nánnum tengslum við skólameistara IH, FG og FSs og funda þeir reglulega.

Erlent samstarf hefur lagst af vegna fjárskorts en reynt er að halda í von og þekkingu með fundum og samtölum. Skólinn býður enn upp á svokölluð ACT próf í samstarfi við bandaríska aðila.

Foreldrastarf við skólann er komið í fastar skorður. Annars vegar starfar öflugt foreldrafélag með kór skólans og hins vegar foreldraráð foreldra nemenda við skólann. Komin er ákveðin formfesta á samstarf skólans og foreldraráðs.

- Kynningarfundur er fyrir foreldra nýnema við upphaf náms.
- Reglulega eru haldnir samráðsfundir skólameistara og fulltrúa starfsmanna með stjórn foreldraráðs á starfstíma skólans.
- Áheyrnarfulltrúi foreldra situr í skólanefnd sem fundar mánaðarlega.
- Fulltrúar foreldra sitja í stýrihópi um Heilsueflandi framhaldsskóla.
- Skólameistari sendir fréttir úr skólalífínu rafrænt á foreldra að jafnaði einu sinni í mánuði og oftár ef tilefni er til.
- Fræðslufundir eru fyrir foreldra einu til tvisvar sinnum á önn.
- Styrktarsjóður er til fyrir nemendur sem eiga erfitt með að fjármagna bókakaup.
- Foreldrakaffi. Þá bjóða foreldraráð og skólinn foreldrum nemenda að koma í skólann með börnunum í morgunkaffi í eina klukkustund þar sem eru stutt innlegg um einhverja þætti skólastarfsins og óformlegar umræður um hvaðeina sem snertir skólastarfið. Frá upphafi hafa ætíð 80 – 100 foreldrar mætt í morgunkaffi.

Mikill vilji er bæði hjá skólanum og núverandi stjórn foreldraráðsins að þróa starfið enn frekar. Á árinu 2013 var stefnt á að huga sérstaklega að tengingu milli stjórnar nemendafélagsins og foreldraráðsins. Foreldraráðið hefur lýst vilja sínum að til að skoða hvernig það getur stutt nemendafélagið.

Skólinn ræktar samstarf viðaðila í nærsamfélaginu.

- Samráðsfundir og upplýsingamiðlun með stjórnendum og námsráðgjöfum grunnskólanna vegna inntökureglna og röðunar í áfanga.
- Stofnaður var samráðshópur til að halda utan um nemendur sem eiga við félagsfælni eða önnur geðræn vandamál að stríða. Í honum sitja m.a. forvarnarfulltrúi Hafnarfjarðarbæjar og sálfræðingur frá félagsþjónustunni. Þessi hópur hittist a.m.k. tvisvar á önn. Fulltrúi skólans situr í *Litla hópi* sem er samráðsvettvangur allra sem koma að forvarnarmálum í Hafnarfirði.
- Reglulegir samráðsfundir með öllum íþróttafélögum í bænum vegna íþróttafrekssviðs skólans.
- Samvinna við Hlaupahóp FH og Skokkhóp Hauka varðandi framkvæmd Flensborgarhlaupsins sem komið var á fót í tengslum við verkefnið Heilsueflandi framhaldsskóli.
- Samstarf við Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar um það sem snertir yfirfærslu nemenda frá grunnskóla til framhaldsskóla.
- Samstarf við Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, grunn- og leikskólana í tengslum við Heilsueflandi framhaldsskóla.
- Bæjarbrúin, sem lýst var hér að framan.
- Samráð við IH um Heilsueflandi framhaldsskóla og innritun.

Og er þá ekki allt upptalið.

### **Erlent samstarf**

Starfsbraut Flensborgarskólans átti í samstarfi við starfsbraut Sandvika Videre-gående skole í Noregi. Það hefur legið niðri frá 2012.

Flensborgarskólinn hefur lengi átt í samstarfi við Falkonergården Gymnasium í Frederiksberg í Danmörku. Það hefur legið niðri frá 2012.

Þessi fyrrgreindu verkefni munu liggja niðri skólaárið 2013 -2014 af fjárhagsástæðum.

Undanfarin ár hefur Flensborgarskólinn einnig átt í miklu samstarfi við Tornbjerg Gymnasium í Óðinsvéum. Það liggur niðri.

Samstarf á vegum TJÁ áfangans hefur verið fjármagnað af nemendum, Hafnarfjarðarbæ og styrkjum.

Nemendur í frönsku ákváðu að fara til Parísar með kennara sínum. Skólinn greiddi fyrir flug, gistingu og fæði kennarans en ekki undirbúningsvinnu.

Áfram er þó unnið að áframhaldandi samstarfi, a.m.k. bak við tjöldin.

### **Viðauki við skólasamning**

Vísað er í viðauka við skólasamning þar sem markmiðum er lýst, (sjá <http://www.flensburg.is/Skolinn/Skolasamningur/>).

1. Þau markmið sem sett voru og tengdust HEF-verkefninu hafa gengið eftir. Fjárskortur setur þó stórt strik í reikninginn, bæði staða skólans og heldur rýrir styrkir. Þakkað er fyrir það sem fæst engu að síður.
2. Gengur mun hægar en ætlað var. Þó eru mál komin vel á reksþöl en stranda nokkuð á vissu umróti í stefnu stjórnvalda og kjaramálum. Grunnrammar stúdentsbrauta liggja þó fyrir en beðið er eftir endanlegum hugmyndum um þriggja ára kerfið. Starfsbraut er í fullri vinnslu en fjölmiðlabraut hefur verið lögð af.
3. Afgreitt. Formleg staðfesting liggur ekki á borðinu en þar sem óskað hefur verið eftir því að námskráin verði færð í námsskrárgrunninn svo hún megi nýtast öðrum lít ég svo á að hún sé staðfest.
4. Er í vinnslu en helst í hendur við önnur stefnumál ráðherra.
5. Umræða um námsmat er mikil en fjármál og lausir samningar kennara tefja fyrir skipulegri vinnslu.
6. Hér fer eftir útreikningi hver niðurstaðan verður. Nemendur sem hættu í námi og skiluðu sér ekki til prófs voru 2,1% á vorönn en 0,45% á haustönn. Ef skoðað er

hversu margir hættu á önninni, áður en til prófa kom þá var brottfall á vorönn 5,9% en á haustönn 1,9%. Á ársgrundvelli eru þetta 3,7%. .

7. eru í mjög góðri vinnslu en takmarkast enn og aftur af fjárhagsstöðu skólans.

Sjálfsmat skólans verður endurskoðað frá grunni á árinu 2014, ef aðstæður leyfa.

## Lokaorð

Flensborgarskólinn er söguleg stofnun í íslensku skólakerfi. Hann hefur oftast en ekki verið fremstur í flokki við mótun ýmissa nýjunga í íslensku skólalífum. Það á enn við. Nú er skólinn forystuskóli í að innleiða og móta verkefnið Heilsueflandi framhaldsskóli í samvinnu við embætti landlæknis undir merkjum HOFF-samstarfsins. Þetta samstarf skiptir sköpum fyrir framtíð þessa verkefnis.

Þá eru íþróttafrekssvið og kór skólans dæmi um þá sérstöðu sem skólinn hefur markað sér í íslensku skólalífi. Litið er til skólans varðandi þessa uppbyggingu, bæði úr röðum framhaldsskóla sem og íþróttahreyfingarinnar.

Áfram er samstarf við stoðkerfi og grunnskóla Hafnarfjarðar í þróun. Nú erum við með í ráðum þegar skólamál og félagsleg úrræði eru til umræðu í nærsamfélaginu. Hér ber hæst Bæjarbrúin sem er tilraun til að samtengja námsframboð framhaldsskólanna og grunnskólanna. Þá er verið að vinna með félagsmálayfirvöldum og leitað eftir samstarfsmöguleikum við heilsugæsluna.

Áfram berast skilaboð frá háskólum um gott námsgengi nemenda skólans þar. Þá berast jákvæð viðbrögð við starfsemi hans frá foreldrum og öðrum sem hann á í samstarfi við.

Sterkar vísbendingar eru um að fleiri nemendur virðist eiga við fjárhagslega-, félagslega- og geðræna erfiðleika að stríða. Þetta veldur verulegum áhyggjum. Þrátt fyrir einlægan vilja innan skólans þá er heilsufar margra nemenda það slæmt að skólinn hefur engin úrræði til að hjálpa þeim með fullnægjandi hætti þannig að þeir geti stundað nám.

Þegar Framhaldsskólalabrautin var lögð af vorið 2013 þurfti að bregðast skjótt við þegar sá hópur nemenda sótti um í Flensburg. Var það gert með því að setja saman hóp sem var með sama kennara í nokkrum áföngum. Þetta hélt til jóla. Um þetta verður unnin skýrsla og námskrá.

Brottfall jókst gríðarlega frá 2011 (haust) til 2013 (vor). Haustið 2013 var sett af stað áttak til að draga úr því, sem tókst vel. Áfram verður unnið með þetta á vorönn 2014. Hér skiptir stoðkerfi skólans mjög miklu máli. Námsráðgjafar og vinna þeirra við skimun á hópi nýnema mun skila miklu. Efasemdir eru um réttmæti þeirrar talningar sem ráðuneytið kallar eftir um

brottfall. Hana þarf að vinna mun markvissar. Þessi tvö verkefni, skimunin sem unnin var í samstarfi við Námsnetið og talningarskýrslur sem kallað er eftir eru viðbót við vinnu námsráðgjafa og stjórnenda. Slíkt veltir upp spurningum um hvort auka þurfi við þau störf af þessum sökum.

Nemendur skólans skila sér allvel til háskóla og margir þeirra ná frábærum árangri. Vorið 2012 útskrifaðist stór hópur nemenda úr Verkfræði í HÍ. Flensborgarskólinn átti þar stærsta hópinn úr einum skóla í rafmagnsverkfræði. Margir þessara nemenda fóru strax að námi loknu til útlanda og luku meistaraþrófi á einu ári. Nokkrar deildir HÍ og HR hafa lýst ánægju með nemendur okkar. Nemendur okkar eru einnig áberandi í listum, íþróttum og atvinnulífi.

Mikið kapp er lagt á að rækta stoðkerfi skólans og er það mikilvægur lykill þess að styrkja starfsemina. Undirritaður hefur verið gagnrýndur fyrir að halda úti viðamiklu og jafnvel flóknu stoðkerfi og stjórnkerfi. Því er að svara að unnið hefur verið að aðhaldi og sparnaði eftir ákveðnum leiðum í 15 ár án teljandi árangurs og kominn tími að leita nýrra leiða. Hluti af þessum vanda er mikilvægi þess að bregðast við lestrarvanda drengja sem ráðherra hefur rætt víða. Ef tölur PISA eru réttar um að 30% nemenda í 10. bekk eigi við lestrarvanda að stríða má búast við að meðal drengja sem til okkar sækja sé þetta hlutfall jafnvel enn hærra en landsmeðaltalið gefur til kynna.

Flensborgarskólinn er fjölbreytt samfélag. Aðstaða skólans er að flestu leyti frábær en vinna þarf með tölvukerfið, koma fjárhag hans á réttan kjöl og endurskipuleggja ýmislegt í starfi hans svo hægt sé að starfa með eðlilegum afköstum og skipulagi. Þetta eru forgangsverkefni og alveg ratljóst að þar verða stjórnvöld að styðja okkur m.a. með því að leggja ekki á okkur verkefni eða kostnað sem raskar þeirri vegferð sem við erum í. Hækka þarf laun kennara og starfsmanna enda raðast starfsfólk skólans mjög neðarlega í samanburðarkönnunum. Þrátt fyrir launakjör, niðurnjörvaðan kjarasamning og margt fleira leggur starfsfólk skólans sig fram um að vinna faglega, vinna að nýjungum s.s. speglun, námsgagnagerð, endurskoðun námsmats, eflingu félagslífs (LTP og Vakningardagar sem dæmi), Heilsueflandi framhaldsskóla og mörgu fleiru. Verkefnið Heilsueflandi framhaldsskóli, ekki síst áherslan á núvitund, hefur gefið skólanum mörg vopn í hendur auk þess að gefa okkur tækifæri til að vinna með sérfræðingum utan skólakerfisins. Það er alveg ljóst að núverandi skólameistari mun leggja mikið undir til að halda því verkefni áfram og þróa það inn í alla starfsemi skólans. Sú reynsla sem við höfum nú fengið gerir okkur kleift að horfa til margra hluta sem ekki þóttu fýsilegir fyrir nokkrum árum. Mikilvægt væri að ná samstöðu allra framhaldsskóla um marga hluti í félagslífi nemenda og enn mikilvægara væri að hafa ráðuneytið með okkur frekar en á hliðarlínunni eins og okkur finnst stundum núna.

Hins vegar skal skýrt tekið fram að samstarfið við ráðuneytið hefur verið afar gott og við notið mikillar hvatningar og stuðnings í niðurskurðarmálum. Það verður seint þakkað að



fullu. Sú reynsla segir okkur hversu mikilvægur bandamaður ráðuneytið getur verið og vonandi verður það þannig framvegis.

Eitt af megininkennum þessa skóla og starfsmanna hans er að hugsa í lausnum og aðstæður okkar undanfarin ár hafa kennt okkur að gera slíkt. Mannauðurinn sem hér býr og afl hans hefur gert okkur kleift að halda úti því fjölþætta starfi sem að ofan er nefnt þrátt fyrir allt. Hitt er svo annað að við höfum stundum á tilfinningunni að við séum eitt best varðveitta leyndarmál skólakerfisins - en við ætlum að breyta því enda er Flensburg fyrst og fremst.

Hafnarfirði, 17. febrúar 2014

Magnús Þorkelsson,  
skólameistari

Þessi ársskýrsla er samin af skólameistara í samráði við fjölda starfsmanna og var prófarkalesin af Árna Sverri Bjarnasyni og Freyju Auðunsdóttur. Öllum er þakkað þeirra framlag en minnt á að það sem missagt kann að vera er á ábyrgð skólameistara.